



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps
Þriðjudaginn 14. desember 2021 kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutróð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Ingimar Ingimarsson boðaði forföll.
Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir á fundinum, undir lið eitt á dagskránni, voru Hildur Kristjánsdóttir og Matthildur Kr.
Elmarsdóttir ráðgjafar frá Alta ráðgjöf.

Fundargerð er rituð í tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fundamenn velkomna og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst
og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 2004013 - Endurskoðun Aðalskipulags Reykshólahrepps.

Kynnt uppfært minnisblað aðalskipulagsráðgjafa eftir umræður á fundi skipulags-, húsnæðis-
og hafnanefndar 7.12.2021, þar sem gerð er grein fyrir ábendingum og umsögnum sem bárust
á kynningartíma vinnslutillögu Aðalskipulags Reykshólahrepps 2021-2033. Í minnisblaðinu eru
einnig settar fram tillögur að viðbrögðum við ábendingunum.

*Skipulags-, húsnæðis- og hafnanefnd felur aðalskipulagsráðgjöfum að lagfæra
skipulagsgögnin til samræmis við minnisblaðið og umræður á fundinum og leggur til að
sveitarstjórn sendi þannig lagfærð skipulagsgögn til Skipulagsstofnunar til athugunar, sbr. 3
mgr. 30 gr. skipulagslaga. Að fenginni umsögn Skipulagsstofnunar verði aðalskipulagstillagan
og umhverfismatsskýrsla hennar auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um
umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál:

1. 1903004 – Breyting á aðalskipulagi Reykshólahrepps 2006 – 2018, Vindorkuver í Garpsdal

Lagt fram til kynningar afgreiðsla Skipulagsstofnunar dags. 10. desember 2021 um
staðfestingu breytingar á aðalskipulagi Reykshólahrepps vegna vindorkuvers í landi Garpsdals.

Skipulagsstofnun hefur vísað staðfestingunni til ákvörðunar ráðherra sbr. 4. mgr. 32. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsnefnd leggur áherslu á að afgreiðsla málsins hjá ráðherra verði flýtt eins og kostur er.
Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerðina, fundi slitið kl. 11.16